

MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

6. til 11. maí

Sunnudagur

20%

afsláttur
af öllum sundfatnaði

SEAFOLLY
australia

speedo

arena

adidas

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS

ÚTILÍF

BOLLAGJÖF MEÐ MONITOR-MYNDUM

Charlies-stúlkurnar prýddu forsiðu tímaritsins Monitor í desember og notuðu stúlkurnar myndirnar sem birtust í blaðinu til að búa til skemmtilega gjöf handa hver annari. „Um jólin tókum við þá ákvörðun að gefa hver annari ekki jólagjöf, en höfðum þess í stað vinkonukvöld og fórum út að borða. En Alma svindlaði aðeins og gaf okkur þvílíkt flottan kaffibolla með útprentuðum myndum úr Monitor-tímaritinu. Við ákváðum að gera þetta fyrir hana áður en við færum út þannig að við fönnduðum líka bolla fyrir hana,“ segir Klara.



STEINUNN, KLARA OG ALMA
MEÐ BOLLANA GÓÐU



Alma Guðmundsdóttir
Alma Goodman



Klara Ósk Elíasdóttir
Klara Elias



Steinunn Þ. Camilla Sigurðardóttir
Camilla Stones

Vonlaus staða fyrir ástfangnar stúlkur

Nylon-stúlkurnar, sem nú heita The Charlies, halda til Hollywood á laugardaginn en skilja kærastana eftir.

„Það er erfitt að vera saman þegar svona mikil fjarlægð er á milli. En að sama skapi er allveg skelfilega erfitt að taka pásu eða hætta saman,“ segir Klara Ósk Elíasdóttir, meðlimur hljómsveitarinnar The Charlies, sem áður kallaðist Nylon. The Charlies er á leið til Hollywood, þar sem stúlkurnar ætla að reyna að slá í gegn, og eru þær allar í þeirri stöðu að þurfa að skilja kærasta sína eftir hér á Íslandi.

„Þetta er vonlaus staða fyrir ástfangnar stúlkur, en það ríkir mikill skilningur á því hvað þetta skiptir okkur miklu máli og hvað það er nauðsynlegt að við förum. Það gerir okkur kleift að gera þetta og láta okkur líða vel með það. Við erum bara að elta drauminn okkar,“ segir Klara og bætir við: „Maður tekur bara eitt skref í einu og sér hvernig hlutirnir þróast.“

Búa í lítilli íbúð í Dalnum

Charlies-stúlkurnar koma til með að búa í Dalnum (The Valley) en þar eru þær búnar að finna sér litla og ódýra íbúð. „Við komumst að þeirri niðurstöðu að þetta væri þægilegasti og öruggasti staðurinn til að vera á. Okkur líður líka svolítið eins og við eigum heima þarna,

því við þekkjum svæðið svo vel. Við höfum alltaf verið á þessum stað þegar við förum út,“ segir Klara.

Stúlkurnar greiða sjálfar fyrir íbúðina og játar hún að ævintýrið kosti sitt fjárhagslega.

„Við verðum allar í einu herbergi þar sem við troðum okkur í risastóra flatsæng. Það er allt gert til þess að spara, enda er þetta dýrt dæmi og við þurfum sjálfar að leggja mikið út fyrir þessu,“ segir hún, en tekur fram að þær hafi fengið styrki frá Loftbrú. „Það hefur gjörsamlega bjargað lífi okkar og hjálpað okkur mikið við að komast út.“

Ný nöfn fyrir Bandaríkjamarkað

Eins og áður hefur komið fram munu þær Klara, Steinunn og Alma taka upp ný nöfn þegar þær koma til Hollywood. Klara verður Klara Elias, Steinunn verður Camilla Stones og Alma verður Alma Goodman. Klarar neitar því að fólk hafi grínast í þeim með nýju nöf. „Ég held að fólk finnst þetta almennt mjög skiljanlegt. Við heitum löngum og óþjálum nöfnum og það er auðvitað nauðsynlegt að Bandaríkjamenn geti borið fram nöfnin,“ segir Klara.

Monitor mælir með

GRÆJAN Nýjasti iPod Nano er alger snilld. Próunarteymi Apple tekur hér stórt skref frá síðustu útgáfu. Nýir fitusar bjóða upp á myndbandsupptöku, hljóðupptöku og hátalara. Helsti kosturinn er þó að nú er komið útlit í iPodinn. Mætti segja að þeir hafi fullkomnaðsköpunarverk sitt. Hvað verður næst?



Í SJÓNVARPINU The City er raunveruleikaþáttaröð sem fjallar um ungar dömur í tiskuhæminum í New York. Það er skemmtilegt að fylgjast með klæðaburði, viðburðum sem þær sækja og vinnuumhverfi stúlkanna. Ein af aðalpersónunum, Olivia Palermo, starfar hjá tiskutímaritinu ELLE. Hún er einstaklega smart týpa sem er vert að fylgjast með. Önnur þáttaröð hófst í síðustu viku. Hægt er að horfa á þættina á MTV.com. Eins og lýsingin gefur til kynna er þessi þáttur frekar fyrir stelpurnar.

Í MAGANN

Heimager sushi

er nokkuð sem er miklu einfaldara að útbúa en marga grunar. Það er sniðugt að kaupa sushi-kit frá Blue Dragon fyrir fyrsta skiptið, en það inniheldur allt sem til þarf utan fiskafurða og grænmetis. Mælum með laxi og krabbakjöti úr Fylgifsukum, avokadó og gúrku við frumraunina.



Vikan á...

facebook

Bubbi Morthens Mold Mold áburður sól hjólaburur sviði lykt af súrefni Lífið.
30. apríl kl. 10:48

Hera Björk The new album "Je Ne Saia Quoi" only a week away:-D
3. maí kl. 8:23

Birgir Örn Steinarsson Sjæse hvað ég táraðist úr hlátri yfir Steindanum okkar! til hamingju Steindi - besti nýi gamanþáttur sem ég hef séð í áraradír!!!
3. maí kl. 9:50

Eva María Jónsdóttir Fór á Faust í gær. Sofnaði til að byrja með en vaknaði við áhrifamikinn djöfulgang og gekk að endingu út floandi í tárur yfir hlutskipti okkar vesinganna: Guð get ég fengið annan séns?
3. maí kl. 11:20

Gunnar í Krossinum Þorsteinsson Var einhver að deya?
5. maí kl. 9:03

Feitast í blaðinu

Poppspekingar Monitor gefa nýja laginu hennar Ásdísar Ránar ágæta umsögn. >>>4

Fallegustu og ljótustu leikmenn enska boltans. Hvernir eru betri? >>>6

Hannes Þór leikstýrir andstæðingum sínum í auglýsingu. >>>10

Jón Gnarr í viðtali um grínið, leiklistina, stjórnmálin og fleira. >>>12

Filófaxið tekur saman alla helstu viðburði helgarinnar á einum stað. >>>19

Efst í huga Monitor

Eidolf Smári Hitlersen

Þreska blaðið Daily Star birti í vikunni frétt um að Eiður Smári Guðjohnsen hafi sýnt nasistatilburði og verið með Hitlergrín þegar hann skemmti sér með félögum á dögnum. Í kjölfari fóru miðlar um allan heim - meira að segja á Íslandi - að tala um að framtíð Eids hjá Tottenham væri í hættu, en gyðingar mynda stóran hluta aðdáenda og forsvarsmanna félagsins.

Málið er allt hið kjánalegasta og er mál flestra að hér sé um ekkert annað en dapra sorþbláðamennsku að ræða. Eiður hefur sjálfur sagst hafa verið að segja brandara um Mexíkana. Monitor renndi í gegnum spjallborð á breskum fótboltavefjum og komst að því að það er enginn að kippa sér upp við málið. Hér eru nokkur góð ummæli sem Monitor rakst á, sum hver skemmtilega kaldhæðin.



„Eh já. Hann virðist vera í símanum að benda út í loftið. Þetta er fjandans Daily Star.“

„Þetta blað er ódýrasti klósettpappírinn á markaðnum.“

„Hann er að minnsta kosti okkar nasisti! En án alls gríns, Mel Brooks gerði nákvæmlega það sama.“

„Hann er nú með grunsamlega blá augu og ljóst hár.“

„Hann er að benda með puttanum þannig að þetta er ekki nasistakveðja. Nema að hann sé mjög lélegur nasisti.“

„Kannski er það puttin á honum sem er nasisti.“

„Eiður kemur fyrir sem mjög vel máli farinn, kurteis og fróður um fótbolta...sem er auðvitað fullkomið dulargervi fyrir nasista.“

„Það sjá allir að þetta er ekki nasistakveðja. En ég hef meiri áhyggjur af bjórnum og sígarrettunni. Ætli það sé ekki ástæðan fyrir því að hann er alltaf á bekknum.“

„Hann var að leika Adolfo Hitler. Uppáhalds Mexíkana allra.“



FÍNASTA FRUMRAUN EN KRAFTLAUS ÚTSETNING OG STERKUR ÍSLENSKUR HREIMUR DRAGA LAGIÐ NIÐUR AÐ MATI POPPSÉRFRÆÐINGA MONITOR

Mynd/Golli

Þetta er rán!

Þetta er Ásdís Rán...

Poppspekingar dæma lagið hennar, Handle Me (Feel My Body)

Glamúrbomban og athafnakonan Ásdís Rán hefur komið víða við og síðastliðinn mánudagsmorgun þreytti hún frumraun sína í tónlistargeiranum. Þá var lag hennar, Handle Me (Feel My Body), frumflutt á Kananum. Monitor fékk nokkra þungavigtarmenn úr íslenska tónlistargeiranum til að dæma lagið og spá fyrir um framtíð Ásdísar í tónlistinni.

Páll Óskar Hjálmtýsson, poppkonungur

Virkar fyrir útvarp en ekki fyrir dansgólfið

„Mér finnst þetta ekki svo galið. Öll góð popplög verða að hafa sterkan húkk eða krækju og þetta lag hefur alveg sæmilega sterka krækju. Ég er allavega búinn að læra viðlagið eftir að hafa heyrt það tvisvar. Þetta er svolítið svipuð upplifun og þegar Samantha Fox hljóðritaði Touch Me (I Want Your Body) að mig minnir árið 1986. Hún var kollegi Ásdísar, bresk fyrirsæta sem státaði af fallegum barmi og ljósu hári og fór af forsiðum glamúrtímarita og inn í hljóðver. Samantha Fox átti nokkur sterk lög sem urðu vinsæl.“

Lagið hennar Ásdísar ber þess svolítil merki að þetta er fyrsta lagið sem hún hljóðrita. Söngroddin er ennþá óslipuð og „hard around the edges“ eins og sagt er. Hvað flutninginn varðar heyrir svolítið

sterkur íslenskur hreimur, sérstaklega í versunum. Í viðlögunum er það hins vegar ekki eins auðheyrð og á heildina ber hún þetta ágætlega. Þessi útsetning virkar örugglega ágætlega fyrir útvarp, en ég þyrfti að fá betra og harðara dansrímix ef ég ætti að geta spilað þetta á klúbbum. Þessi útgáfa er fyrir útvarp og er ekki að fara að fylla nein dansgólf.

Á heildina litið er þetta ágætlega vel af sér vikið miðað við fyrstu tilraun. Íslensk Samantha Fox er fædd! Ásdís fær líka einn þumal upp fyrir að vinna hörðum höndum að takmarki sínu. Ég ber alltaf mikla virðingu fyrir fólki sem gerir það.



„ÁGÆTLEGA VEL AF SÉR VIKIÐ MIÐAÐ VIÐ FYRSTU TILRAUN“

Erpur Eyvindarson, rappari

Mercedes Club hittir Magga Mix



„MYNDI VILJA FÁ HANA Á BILLJARBORÐ HJÁ MÉR Í MYNDBANDI Á ÞVENG“

Þetta er bara fínt popplag. Það er ekkert kraftaverk hér á ferð en ég held að hún hafi bara ætlað að gera nákvæmlega þetta. Ég er dyggur stuðningsmaður Ásdísar Ránar því hún er sannleikurinn og lífið. Myndi vilja fá hana á billjardborð hjá mér í myndbandi á þvenng. Lagið er Mercedes Club meets Magga Mix í annarri skálastærð og sem hluti af Icequeen-karakternum þá er þetta fínt innlegg.

Lilja Kristín Jónsdóttir, söngkona Bloodgroup Íslenski hreimurinn pirrandi

„Þetta er ósköp venjulegt popplag og alls ekki slæmt, en það er algjörlega kraftlaust og nær engum hæðum. Söngurinn og útsetningin draga lagið niður. Íslenski hreimurinn er frekar pirrandi og á ekki við þetta ameríska kynlífspopplag. Ég sé það ekki fyrir mér sem slagara. Ásdís Rán stendur sig þó vel í því sem hún er að gera, mikil viðskiptakona og þetta er gott framtak hjá henni. Ég er viss um að margir kunna að meta þetta lag þrátt fyrir að ég geri það ekki sjálf.“



„ALLS EKKI SLÆMT, EN ÞAÐ ER ALGJÖRLEGA KRAFTLAUST“

Draumurinn að meika það

Arnar Jónsson, fyrrum meðlimur strákasveitarinnar Luxor, gefur út lagið You and Me.

„Þetta fjallar allt um stelpur,“ segir tónlistarmaðurinn Arnar Jónsson. Hann er að senda frá sér lagið You and Me sem á að vera sumarsmellurinn í ár. „Ég samdi þetta lag í fyrra um ákveðna stelpu. Ég ætla ekki að gefa upp hver það er en hún veit það sjálf,“ segir Arnar. Hann var á sínum tíma í strákasveitinni Luxor en segist hafa breytt algjörlega um stefnu síðan þá og er hættur að vera væmínn.

„Síðasta lag sem ég samdi var poppballaða sem fór á toppinn á Bylgjulistanum. Ég efast um að þetta verði hreinlega spilað á Bylgjunni, þetta er allt annað dæmi,“ segir Arnar um lagið sem er rafvænt R'n'B sungið á ensku. „Lög í þessari tónlistarstefnu verða alltaf rosalega hallærisleg á íslensku finnst mér. Það er alltaf talað um „girl“ og „baby“ í þessum lögum úti og ég held að það sé ekkert að fara að virka á íslensku.“

Kvenhyllin hefur aukist

Arnar leggur stund á nám við Háskólann í

Reykjavík samhliða tónlistinni en framtíðardraumurinn er alveg skýr. „Draumurinn er náttúrulega bara að meika það, bæði hér heima og úti. Ef ég vel akademísku leiðina er ég svolítið að stroka út þann draum. Það væri mikil áhætta að elta drauminn en ég ætla bara að halda áfram að gera góða tónlist og sjá hvað gerist,“ segir Arnar.

Hann er ennþá einhleypur þrátt fyrir tíma sinn í Luxor, en hann segir tímann í sveitinni hafa aukið kvenhyllina til muna. „Þegar við byrjuðum í Luxor var ég sá eini sem var á lausu og ég átti það til að koma því á framfæri í viðtölum. Ég tók eftir auknum áhuga hjá hinu kyninu og hann var nú mikill fyrir.“



ARNAR JÓNSSON FÆR EKKI KVEF MED ÞESSA HÚFU Á HAUSNUM

Mynd/Ernir

ARNAR JÓNSSON

Hver: „Arnar Jónsson a.k.a. AJ eða A-Jizzle.“
Hvað: „Tónlistarmaður og Sexual Tyrannosaurus.“
Hvaðan: „Rivertown mothafuckah!“
Hvert: „Á toppinn.“
Hvernig: „Með stærsta smelli sem Ísland hefur séð síðan Til hamingju Ísland.“

Allt komið í mauk hjá Luxor

„Þetta var eiginlega komið í mauk,“ segir Arnar Jónsson um upphafið að endinum á ferli Luxor. „Einar Bárðarson, umboðsmaður okkar, var mjög upptekinn í Englandi á þessum tíma að fylgja eftir velgengni Garðars Thors Cortes. Það var mjög skiljanlegt miðað við

hvernig Garðar var að standa sig. Á þeim tíma fannst okkur eins og það væri komið hálfgerst stopp í þetta allt saman,“ segir Arnar og heldur áfram:

„Einn úr hópnunum bjó á Akureyri og var ekkert á leiðinni í bæinn. Við litum á það þannig að hann væri að taka Akureyri fram yfir Luxor,“ segir Arnar. Það var þó ekki síðasti naglinn í líkkistu sveitarinnar. „Þegar þarna var komið við sögu höfðum við Edgar Smári, félagi minn úr Luxor, fengið nokkur tilboð um að syngja bara tveir á árhátíðum og slíkum uppákomum. Síðan fór Edgar í blaðaviðtal og lýsti því yfir að Luxor væru hættir, án þess að við hinir vissum af því. Þá fór þetta út í hálfgerð rugl og þá hættum við bara. Ég þekki Edgar Smára vel og hann er góður vinur minn en hann var nú smá sauður að gera þetta,“ segir Arnar og hlær.

Dove



Jafn og fallegur sumarljómi
- einn, tveir og þrír.



1. Húðin þvegin



2. Berið á



3. Látið þorna



Fallegustu og ljótustu

leikmenn enska boltans



Lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar fer fram um helgina. Monitor tekur að sjálfsgöðu aðeins á því sem mestu máli skiptir: Útliti leikmanna. **Vigdís Sverrisdóttir** setti saman dómnefnd sem raðaði í tvö úrvalslið, annað skipað fallegustu leikmönnum deildarinnar og hitt þeim ljótustu. Valið er byggt á margra mánaða vísindalegum rannsóknum.

ÞEIR FALLEGU

Þjálfari: Roberto Mancini

Pepe Reina
Geislar og er sem innrammaður í markið.

Sebastien Bassong
Ungur, svalur og sykursætur.

Ashley Cole
Þrátt fyrir eyðilagt mann-orð er maðurinn gullfallegur.

Joe Cole
Undantekningin sem sannar regluna. Bretar geta greinilega líka verið fallegir.

Steven Gerrard
Komst í hópinn því hann er hrikalega mikið krútt.

Michael Owen
Það á enginn meira skilið að hljóta titilinn „herra enski boltinn“ en gullmolinn Owen.

Roque Santa Cruz
Þessi gimsteinn frá Paragvæ var yrkisefni þýsku hljómsveitarinnar Sportfreunde Stiller sem gerði lagið „Ich Roque um hann“.

Glen Johnson
Sannkallaður súkkulaðimoli.

Aaron Ramsey
Fjallmyndarlegur ungur drengur sem spilaði ruðning áður en hann sneri sér að fótboltanum.

Mikel Arteta
Talar sjö tungumál og er giftur fyrrum fegurðardrotningu Spánar.

Johan Elmander
Sviarnir eru oftast ekki stórglæsilegir og Elmander er góð ástæða til að fylgjast með Bolton spila.

Vara-menn

Carlo Cudicini Stuart Parnaby Javier Garrido Fernando Torres Eiður Smári Guðjohnsen

ÞEIR ÓERÍÐU

Þjálfari: Rafael Benitez

Manuel Almunia
Þyrfti að komast í Nýtt útlit hjá Karli Berndsen.

Chris Baird
Steriótýpa af ómyndarlegum breskum manni.

Joleon Lescott
Minnir á boxara sem hefur verið tuskaður illa til og hvað er eiginlega málið með hárið?

Park Ji-Sung
Var hafnað af mörgum liðum á yngri árum vegna þess hve stuttur hann var en sögur segja að hann hafi í raun aðeins þótt of ljótur.

Graham Alexander
Lifandi vitni þess að það eru til álfar.

Carlos Tevez
Myndin segir meira en þúsund orð og fyrsta orðið er ofreskja.

Bacary Sagna
Hárgreiðslan bendir til þess að hann hafi tapað í eilífðarveðmáli við djöfulinn.

Sotirios Kyrgiakos
Síðasti maðurinn sem þú vilt mæta í dimmu húsasundi.

Yossi Benayoun
Fékk enga tölu rétta í litningalottóinu.

Mustapha Riga
Bob Marley-lúkkið hætti að vera svalt fyrir mörgum árum og er sérstaklega ljótt í fótboltagallanum.

Wayne Rooney
Gjarnan líkt við Shrek, eðlilega.

Vara-menn

Chris Kirkland Jose Bosingwa Brian Easton Tomasz Kupisz Peter Crouch

Hvað segja spekingarnir um viðureign fallegra og ófríðra?



Guðmundur Benediktsson
Ljótir hafa betur í vítakeppni

„Þetta eru öflug lið þó þau séu mismyndarleg. Ég held að það verði mikið skorað, 3-3 eftir venjulegan leiktíma og vítakeppni þar sem ljóta liðið hefur betur. Þeir eru með Tevez og Rooney frammi sem nýta sín víti en vandamálið með fallega liðið er að Owen meiddist í aðhlaupinu og það mun skilja liðin að.“

Fallegastur: Ashley Cole af því hann náði í Sheryl, en nú hefur hann misst hana sem gefur okkur hinum tækifæri.

Ljótastur: Þrátt fyrir að hann hafi ekki komist í hópinn verð ég að segja Iain Dowey, þjálfari Hull.



Logi Ólafsson
Geysilega sterk sókn hjá ljótum

„5-1 fyrir ljótum. Hinir myndarlegu munu verða sérlega uppteknir af útliti sínu og keppast innbyrðis. Þá má helst nefna rífrildi milli Ashley Cole og Santa Cruz, þar sem Santa Cruz sigrar með yfirburðum vegna lífernis Ashley Coles. Sóknin hjá ljótum er geysilega sterk, ljótir menn þar á ferð sem gætu ekki einu sinni orðið myndarlegir í einum manni.“

Fallegastur: Ég vona að það verði ekki efast um kynhneigð mína en Santa Cruz er fallegastur.

Ljótastur: Joleon Lescott.



Tómas Ingi Tómasson
Ljótir mega síður við því að tapa

„4-3 fyrir ljótum. Þeir mega síður við því að tapa því það er ekkert verra en að vera ljótur og tapa leik. Fallegir hafa þá útlitið til að gera eitthvað um kvöldið. Framlínan verður ekki mikið ljótari, með Wayne Rooney sem Shrek og konu hans Fionu þá held ég að Gílitruð væri góð sem ástkona Tevez. Gaman væri að sjá þær saman á pöllunum.“

Fallegastur: Santa Cruz og Johan Elemander eru syurmolar.

Ljótastur: Carlos Tevez.

Dóra María Lárusdóttir

Eiður Smári tryggir fallegum sigur úr aukaspyrnu

„Ég held að leikurinn endi 3-1 fyrir fallegum. Þeir skora strax í upphafi þegar Ashley Cole veður af miklum kynþokka upp vinstri kantinn og leggur boltann á hinn fjallmyndarlega Michael Owen sem nær að pota honum inn. Owen verður fyrir því óláni að togná á nára í fagnaðarlátunum og verður að fara af velli strax á 10. mínútu. Fernando Torres kemur inn á í hans stað og bætir strax við marki. Wayne Rooney minnkar muninn snemma í seinni hálfleik eftir undirbúning Jose „unibrow“ Bosingwa. Á 88. mínútu brýtur Kyrgiakos fólkskulega á Joe Cole rétt fyrir utan teig. Ljótt brot hjá mjög svo ljótum leikmanni og verðskuldað rautt spjald fer á loft. Úr aukaspyrnunni skorar svo Eiður Smári úr skoti sem Almunia hefði auðveldlega átt að verja ef hann hefði ekki verið að girða sig.“

Fallegastur: Phil Neville

Ljótastur: Gary Neville



DÓRA MARÍA ER EINI SPEKINGURINN SEM SPÁIR FALLEGUM SIGRI

ÁRANGUR

HREYFING

HLEÐSLA

EGILL GILLZ
EINARSSON
ÍÞRÓTTAFRÆÐINGUR

HLEÐSLA | **100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN**

ÍÞRÓTTADRYKKUR

HLEÐSLA ER ÍÞRÓTTADRYKKUR SEM INNIHELDUR PRÓTEIN OG KOLVETNI TIL HLEÐSLU. HENTAR VEL FLJÓTLEGA EFTIR ÆFINGAR EÐA MILLI MÁLA.

PRÓTEIN Í HLEÐSLU ERU EINGÖNGU HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN SEM UNNIN ERU ÚR ÍSLENSKRI MJÓLK.

HLEÐSLA HENTAR ÖLLUM SEM ERU Í ÍÞRÓTTUM EÐA STUNDA AÐRA HREYFINGU.

ÁN HVÍTS SYKURS
ÁN SÆTUEFNA
MEÐ AGAVESAFA

ÍSLENSKA STA.LS N.SA 04730 0210



ÚTVARPSMAÐURINN EINAR ÁGÚST MUNDAR GÍTARINN

Ekki verið talinn eðlilegur hingað til

Einar Ágúst byrjar með útvarpsþátt á Kananum

„Ég ætla að reyna að kenna strákunum hvernig á að búa til alvöru útlarp“, segir Einar Ágúst Víðisson og hlær. Hann hóf störf á útvarpsstöðinni Kananum í vikunni, þar sem hann mun leysa Gulla Helga af milli klukkan 10 og 14 á virkum dögum. Þátturinn verður með hefðbundnu sniði og ætlar Einar fyrst og fremst að spila góða tónlist. „Mitt hlutverk er að fylla upp í plássíð á milli Egg og beikon á morgnana og Ásgeirs Páls sem er eftir hádegi. Þeir eru svo ruglaðir á morgnana og Ásgeir Páll líka, það verður að vera eitthvað normal þarna á milli“, segir Einar og bætir við: „Það er reyndar mjög skrýtið að ég skuli hafa verið ráðinn í vinnu við eitthvað normal vegna þess að ég hef nú ekki

verið talinn mjög eðlilegur hingað til.“

Einar Ágúst gerði það gott sem útvarpsmaður á FM957 fyrir nokkrum árum og segist hann hæstánægður með að fara aftur í loftið. „Að vera í útvarpi er svolítið eins og að spila gígg. Maður er að koma fram og spila tónlist og tilfinningin er svipuð. Þetta er algjört draumastarf“, segir Einar sem hefur einnig verið að spila sjálfur á tónleikum upp á síðkastið. „Ég hef verið að trúðadorast mikið og hef einnig verið að leysa af með hljómsveitinni Von. En það er fínt að vera kominn með fasta vinnu í útvarpinu. Þá getur maður minnkað spilamennskuna aðeins og nýtt tímann um helgar betur með fjölskyldunni“, segir Einar.

EUROVISION



EURO-HAUKUR ER DÓSENT Í EUROVISION

Nei, þú ert mafia!

Það er góð skemmtun að kasta steinum úr glerhúsi. Að minnsta kosti er það vinsæl afþreying margra í kringum Eurovision ár hvert en þá skýtur upp kollinum goðsögnin um Austurlandamafiuna. Hana skipar hópur landa sem eiga það eitt sameiginlegt að vera ekki vestur-evrópsk lönd. Sá hópur er reyndar ansi stór og erfitt að sjá af hverju lönd eins og t.d. Króatía og Azerbaijan ættu að eiga eitthvað mikið sameiginlegt en þau eru um það bil jafnmarga kílómetra frá hvoru öðru og Ísland er frá Téklandi. Nógar voru þó áhyggjurnar af Austurlandamafiunni til þess að aðstandendur keppninnar ákváðu í fyrra að breyta reglum til að stoppa hana af. Þegar ráðað var niður í forkeppninar var þáttakendum skipt niður í sex potta eða „vinahópa“ sem dregið var úr á víxl til þess að tryggja að heilir vinahópar lentu ekki í sömu forkeppninni og kysu svo bara hvora aðra. Ísland lenti í hóp með Norðurlöndunum og Eistlandi en dæmi um aðra hópa eru hópar sem innihéldu aðallega fyrrum ríki Júgóslavíu eða fyrrum Sovétríki.

Það er athyglisvert frá því að segja að af öllum vinahópnum sex þá var það einungis í þessum norræna hópi sem allir í vinahópnum komust áfram í úrslit. En við höfðum ekki lokið okkur af því á aðalkvöldinu fengu þrjú af sex löndum í Norðurgöngu atkvæði frá öllum hinum í vinahópnum. Vorum við því samheldnasti vinahópurinn í keppninni. Sá hópur sem komst næst okkur í því var Sovétgengið, þar sem tvö lönd af sjö fengu atkvæði frá öllum hinum.

Íslendingar gerðu svo enn betur og voru eina landið í okkar grúppu sem gaf öllum vinum sínum atkvæði, meira að segja Danmörku, sem fær aðrar þjóðir sáu ástæðu til að púkka uppá. Það kemur þó engan veginn á óvart vegna þess að frá því að símakosningar voru teknar upp hafa Íslendingar alltaf gefið einu Norðurlandanna 12 stigin, nema árið 2004 þegar Ruslönu tókst að brjóta isinn. Jú, það er reyndar rétt að Norðvestur-Evrópa einokar ekki keppnina lengur eins og á tíunda áratugnum þegar Írland vann fjórum sinnum á fimm árum. En þrjú Norðurlandanna unnu líka á nýliðnum áratug og ég held að það sé ansi gott miðað við fjölda þátttakenda. Ég spyr því: Getur verið að það séu ekki þau sem eru mafia heldur við? Ég held það. haukurjohnson@monitor.is

3 vikur í Eurovision

Svalur jakki setur svip á lúkkið



Heimir Óli Heimisson leikmaður Hauka kíkta með Monitor í Deres.

BLACK INTERNATIONAL-BOLUR
Gott að eiga þennan í svörtu og hvítu undir peysur og jakka.
3.990 Deres

BJÖRKVIN-HETTUPEYSA
Flott peysa með skrautlegri innri hettu.
15.990 Deres

ACTIVIST-STURTUGEL
Ferskur ilmur í sturtuna.
1.490 kr. Body Shop

ADIDAS-JAKKI
Svipmikill jakki fyrir sumarið.
19.990 Deres

DIESEL-BELTI
Gallabuxnabelti er nauðsynlegt að eiga.
8.990 Deres

DIESEL-BUXUR
Alltaf góð snið frá Diesel. Þessar eru beinsniðnar.
19.990 Deres

ACTIVIST-ILMVATN
Klassískur herrailmur sem öllum líkar við.
2.990 kr. Body Shop

SNYRTITASKA FYRIR HERRANN
Nauðsynleg bæði heima og að heiman.
1.690 kr. Body Shop

ADIDAS-SKÓR
Hinir klassisku sneakers.
18.990 Deres



HEIMIR ÓLI HEIMISSON

Fyrstu sex: 27.05.90
Nemi í Flensburg

Hvað filar þú úr tískunni um þessar mundir?
Flottar gallabuxnaskyrturnar og Adidas Original-línuna.

Hvað filar þú helst við lúkkið?
Ég fílaði jakkann mjög vel.

Hvaða flik keyptir þú þér síðast?
Levi's gallabuxur og skyrta.

Uppáhaldsflik?
Carhartt-buxur.

Notar þú snyrtivörur?
Roccas-rakspíra og d:fi-gel.

Er eitthvað sem þú myndir aldrei klæðast?
Fátt sem ég myndi ekki klæðast.

Hvaða tónlist hlustar þú á?
Dikta og Kings of Leon. Svo er Myndir með Skímó klíkkað lag.

Ertu að fylgjast með einhverjum sjónvarpsþætti?
One Tree Hill, 24 og Entourage.

Ertu með einhverjar hefðir fyrir leik?
Sendi Björgvini Hólmgæirssyni lag dagsins.

Hvað ætlar þú að gera í sumar?
Spila handbolta og vinna á íþróttanámskeiði Hauka.



Gambler
gallabuxur
10900

NÝ SENDING



Live Love toppur 1490



Ultimate gallabuxur 5500



Maxi toppur 1990



Ultimate gallabuxur 5500

VERO MODA®

Kringlan s. 568 6244 Smáralind s. 544 4230

SJÓNVARP

SEM ÞÚ VERÐUR AÐ SJÁ

FIMMTUDAGUR 6. MAÍ



ÍSLANDSMÓTIÐ Í HANDKNATTLEIK

Sjónvarpið
19:30 Bein útsending frá fjórðu viðureigninni í úrslitaevngi Hauka og Vals um Íslandsmeistaratið í handknattleik. Haukar leiða 2-1 og geta orðið meistarar. Leikurinn fer fram í Vodafone-höllinni.

FORGETTING SARAH MARSHALL

Stöð 2 Bío
20:00 Frábær gamanmynd með leikaranum Jason Segel úr How I Met Your Mother. Hann leikur Peter sem er nýhættur með sjónvarpsstjórnnni Söruh Marshall og fer í frí til Hawaii til að reyna að gleyma henni. Honum til mikillar armæðu er hún þar líka ásamt nýja kærastanum.



PEPSI-DEILDIN

Stöð 2 Sport
20:00 Hitað upp fyrir Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport, þeir Tómas Ingi Tómasson og Magnús Gylfason fara yfir komandi sumar ásamt íþróttafréttamönnum. Þátturinn er í opinni dagskrá.

FÖSTUDAGUR 7. MAÍ

TALIÐ Í SÖNGVAKEPPNI

Sjónvarpið
20:05 Upphitun fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem fram fer í Ósló 25.-29. maí. Fjallað er um undirbúninginn fyrir stóru stundina í Ósló, undankeppnirnar í aðildarlöndunum og rætt við þátttakendur. Fyrsti þáttur af þremur.



LOST

Sjónvarpið
20:40 Fyrsti þátturinn í sjöttu og síðustu þáttaröð Lost. Þátturinn hefur verið að gera fólk um allan heim brjálað og nú er vonandi að við fáum einhver svör sem við getum sett okkur við.

LAUGARDAGUR 8. MAÍ



SATURDAY NIGHT LIVE

Skjár einn
21:20 Frábærir grínþættir. Að þessu sinni er Tina Fey gestastjórnandi og ungstirnir Justin Bieber tekur lagið. Hann leikur líka aukahlutverk í óborganlegum skets í þættinum, þannig að aðdáendur kappans ættu ekki að missa af þessu.

THERE'S SOMETHING ABOUT MARY

Stöð 2 Bío
22:05 Klassísk gamanmynd frá 1998 með Ben Stiller og Cameron Diaz í aðalhlutverkum. Stiller leikur Ted Stroehmann sem á erfttt með að gleyma hinni þokkafullu Mary (Diaz) og ræður einkaspjara (Matt Dillon) til þess að hafa uppi á henni.



SUNNUDAGUR 9. MAÍ



ENSKA ÚRVALSDEILDIN

Stöð 2 Sport 2
14:45 Bein útsending frá leikjunum í lokaumferðinni í ensku úrvalsdeildinni. Það er mikil spennna á toppnum því bæði Chelsea og Manchester United geta orðið meistarar. Chelsea tekur á móti Wigan á heimavelli og Manchester United mætir Stoke á heimavelli.



Gaman að spila með þessa fótbolta-menn

HANNES ER ALLTAF MEÐ KLAPPSKILTÍ Í MARKINU ÞEGAR HANN SPILAR

Hannes Þór Halldórsson leikstýrir andstæðingum sínum í nýjum auglýsingum fyrir Pepsi-deildina, en hann er sjálfur markvörður Fram.

„Þetta er mjög skemmtilegt verkefni sem sameinar bæði áhugamálin,“ segir Hannes Þór Halldórsson, markvörður Fram í Pepsi-deild karla og kvikmyndagerðarmaður. Hann leikstýrði sjónvarpsauglýsingum fyrir Pepsi-deildina, sem fóru nýverið í sýningu, og hafa þær vakið mikla athygli. „Ég er náttúrulega með fina innsýn í þennan fótboltaheim og það hefur verið stór ástæða fyrir því að þeir fengu mig í þetta,“ segir Hannes, en hann þykir einn af bestu markvörðum Íslands og hefur verið valinn í A-landsliðshópinn. Í auglýsingunum koma meðal annars fyrir þeir Björgólfur Takefusa úr KR, Gunnleifur Gunnleifsson og Matthías Vilhjálmsson úr FH og Ingólfur Þórarinnsson, betur þekkur sem Ingó í Veðurguðunum, sem spilar

með Selfoss. „Það er gaman að fá að spila aðeins með þessa fótbolta-menn. Taka þá út úr því umhverfi sem þeim líður best og reyna á leikhæfileikana,“ segir Hannes. Björgólfur með leiksigur Hann segir kollega sína hafa komið sér skemmtilega á óvart í leikhlutverkinu. „Þeir stóðu sig allir vel. Ég vissi nú að Ingó gæti leikið og hann rullaði þessu alveg upp. FH-ingarnir komust mjög vel frá þessu, en ég held reyndar að ég hafi þurft að láta Matta segja „hérna kemur karlinn“ svona 500 sinnum áður en hann náði því rétt. Það var hins vegar Bjöggi sem kom mér mest á óvart, hann sýndi algeran leiksigur,“ segir Hannes. Hannes leikstýrði auglýsingunum fyrir Pepsi-deildina árið 2008 og

segir hann að þær hafi orðið til þess að honum var boðið að gera sjónvarpsþættina Atvinnumennirnir okkar á sínum tíma, en þeir slógu eftirminnilega í gegn. „Þær heppnuðust vel og þar sannaði ég mig fyrir Stöð 2 Sport og Hilmarí Björnssyni sjónvarpsstjóra. Hann sagði mér sjálfur að eftir að hann sá auglýsingarnar ákvað hann að treysta mér fyrir því að gera þáttinn,“ segir Hannes. Hann neitar því hins vegar að það hafi kitlað að troða sjálfum sér í auglýsingarnar. „Í fyrsta lagi hefði það verið kjánalegt og í öðru lagi hef ég fengið minn skerf af skotum þegar það hafa slæðst inn myndir af mér í kynningarefni frá Stöð 2 Sport. Menn halda alltaf að ég sé að klippa þetta sjálfur,“ segir Hannes og hlær.

HANNES ÞÓR

27.04.84
Uppáhaldskvikmynd: Jurassic Park. Ég hef alltaf dýrkað hana.
Uppáhaldsleikstjóri: Quentin Tarantino hefur líklega vinninginn en Martin Scorsese andar ofan í hálsmálið á honum.
Uppáhaldsleikari: Þessa dagana er það Alec Baldwin sem er fáránlega góður í 30 Rock-þáttunum.
Uppáhaldslið í enska: Ég er Liverpool-maður í dvala.
Uppáhaldsknattspyrnumaður: Brasilíski kolkrabbinn Heurlho Gomes er í uppáhaldi þessa dagana.



„Ég hefði getað orðið súmóglímu-meistari Japans“

Björgólfur Takefusa hefur mikla hæfi-leika í bæði leiklist og súmóglímu.

ÚR AUGLÝSINGUNNI: BJÖRGÓLFUR FÆR MÖRG NETTLEIKASTIG

„Það segja allir sem ég þekki að ég hafi unnið mikinn leiksigur. Sjálfum finnst mér þetta auðvitað stórkostleg frammistaða,“ segir Björgólfur Takefusa, leikmaður KR. Í auglýsingu Björgólfs er hann sýndur vera að háma í sig hamborgara og franskar á meðan hann horfir á fótboltaþáttinn Pepsi-mörkin, þar sem spekingarnir Tómas Ingi Tómasson og Magnús Gylfason tala um að hann sé orðinn alltof feitur. Er þar augljóslega verið að gera grín að þrálátri umræðu um að

Björgólfur sé of þungur á sér. „Maður hefur ósjaldan fengið að heyra þetta. Líklega mest frá fjölskyldunni samt,“ segir Björgólfur en neitar því að hann sé viðkvæmur fyrir skotunum. „Pabbi minn hefur kennt mér að maður á að vera mjög stoltur af því að vera með bumbu. Það er mjög virðingarvert í Japan og hann er gamall meistari í einni virtustu íþrótt Japans, súmóglímunni. Ég efa ekki að ef hann hefði ekki stungið okkur af og afneitað mér sem syni sínum væri

ég örugglega súmóglímumeistari Japans,“ grinast Björgólfur. Skemmtilegrí undirbúningur í súmóglímunni Hann segist hafa alla burði til að verða góður súmóglímukappi. „Ég væri líklega helmingi betri í súmóglímunni en fótboltanum. Það er líka örugglega talsvert skemmtilegra undirbúningstímabil í súmóglímunni en í fótboltanum, þar sem aðaláherslan er lögð á að borða. Ég myndi finna mig mjög vel

þar,“ segir Björgólfur, sem segist einnig geta hugsað sér að verða leikari. „Ég sagði við Hannes að ég yrði klárlega að fá hlutverk í fyrstu myndinni hans, enda er hann næsti Friðrik Þór Íslands“ segir Björgólfur. Þegar þessi orð eru borin undir Hannes segist hann vel geta hugsað sér að ráða Björgólf í kvikmynd, en þá verður rétta hlutverkið að liggja fyrir. „Ef mig vantar einhvern tímann feitan Japana í eitthvað hlutverk þá húa ég í hann,“ segir Hannes og hlær.

Morgunblaðið og Mbl.is halda traustri forystu

Íslendingar treysta Morgunblaðinu og Mbl.is
betur en öðrum dagblöðum og netmiðlum.

| | |
|--------------|-------|
| Morgunblaðið | 46,4% |
| Fréttablaðið | 34,8% |
| DV | 9,4% |
| <hr/> | |
| Mbl.is | 51,7% |
| Visir.is | 29,6% |
| Pressan.is | 16,9% |
| Eyjan.is | 13,6% |

Samkvæmt könnun MMR á trausti Íslendinga á aldrinum 18-67 ára til helstu sjónvarps-, prent- og netfréttamiðla sem fram fór 20. apríl 2010.

mbl.is

Morgunblaðið

— Meira fyrir lesendur

Ég er ekki síkópati

Jón Gnarr var mörg ár að fá viðurkenningu sem leikari. Nú þegar hann reynir fyrir sér í stjórn málum fær hann sömu viðbrögð og þegar hann byrjaði í gríninu.

Eftir Hauk Víðar Alfreðsson
Myndir: Kjartan Þorbjörnsson

haukurv@monitor.is
gulli@mbl.is

Jón Gnarr er sannkallaður þúsundþjalasmiður. Hann hefur getið sér gott orð á sviði útvarps-mennsku, uppstands, leiklistar og nú reynir hann að verða borgarstjóri Reykjavíkur. Daðri Jóns við stjórn málin var í upphafi tekið sem kaldhæðnum grín-gjörningi, en kosningar þokast sífellt nær og Jóni virðist dauðans alvara. Jón ræddi Besta flokkinn, Borgarleikhúsið, Bjarnfreðarson og einnig hluti sem byrja ekki á B við blaðamann Monitor.

Fjórir menn inni, samkvæmt nýrri fylgiskönnun Gallup. Nú héldu margir að um grín væri að ræða, en samkvæmt þessari könnun gæti þetta orðið að veruleika, að Besti flokkurinn komist í borgarstjórn. Ætlið þið alla leið?

Já. Sko, við lifum á tímum þar sem er mjög mikið vantraust í gangi út um allt. Ég held að fólk telji að ég sé maður sem það geti treyst. Það vita nokkurn veginn allir hver ég er. Ég get verið uppátækjasamur og fyndinn og svona, en ég er heiðarlegur og fólk sér í mér mann sem nokkurn veginn allir geta sammælst um að sé ekki síkópati. Annars væri það löngu komið í ljós því ég hef verið í sviðsljósinu það lengi og ekki skilið eftir mig nein óuppgerð mál neins staðar.

■ ■ Ef þú ert skemmtilegur eða brosmildur þá hlýturðu að vera frekar vitlaus.

Ef vel gengur, mega Íslendingar mögulega eiga von á framboði Besta flokksins til Alþingis?

Ég reyni að taka bara einn dag í einu. Ég spila þetta eftir hendinni. Ég gerði til dæmis Næturvaktina ásamt félögum mínum og ég bjóst ekki við að neinn hefði neitt gaman af þessu, nema kannski einhver lítill hópur. En síðan var fólk almennt ánægt með þættina. Þess vegna gerðum við Dagvaktina. Ég skynja hvað fólk vill og reyni að uppfylla það. Ég er mjög þjónustulundaður að því leyti. Ef landspólitíkin væri í spilunum, og fólk hefði áhuga á því, þá myndi mér ekkert loka fyrir það skotið. Sá fundur kemur einhvern tímann seinna.

Það er gott að þú minnst á Næturvaktina. Nú er eflaust heilmikil eftirspurn eftir áframhaldi á því. Eruð þið búnir í bili með Bjarnfreðarson?

Já. Við erum búnir að loka þessu. Þetta er fullmótað verk og það er mjög marglaga. En þetta er eitthvað sem þolir vel ítrekað áhorf. Í þessu er fullt af litlum dítelium sem er endalaust hægt að fabúlara, eins og til dæmis kynhneigð Georgs. Það eiga eftir að vera skrifaðar ritgerðir um þetta. Þetta er í raun uppgjör okkar við íslenska karlmennsku. Ólafur, Georg og Daniel eru persónugervingar íslenskrar karlmennsku í okkar huga. Ég vonast til þess að Georg Bjarnfreðarson eigi eftir að lifa með þjóðinni löngu eftir að ég er dauður.

Er þetta kannski þinn Mikki refur?

Já þetta er svona minn Mikki refur. Kannski verður þetta endurgert eftir 200 ár?

Svo er talað um landvinninga Bjarnfreðarsonar. Það voru í gangi samningaviðræður við erlenda aðila, ekki satt?

Ég held að HBO séu að skoða þetta. Finnsla sjónvarpið er búið að kaupa allar Vaktirnar og myndina og ætla að sýna þetta næsta vetur. Ég er síðasti maður til að fréttu eitthvað. Það er bandarískt dreifingafyrirtæki búið að kaupa réttinn á þessu. Þeir gætu verið að selja þetta til Singapur, en þeir myndu ekkert hringja í okkur og láta okkur vita.

Værir þú með einhvern leikara á óskalistanum í hlutverki Georgs Bjarnfreðarsonar, ef seríurnar yrðu endurgerðar til dæmis í Bandaríkjunum?

Philip Seymour Hoffman. Eða John C. Reilly.

Philip Seymour Hoffman gæti passað vel í hlutverkið. Hann er svona rauðbirkinn eins og Georg, þó hann leiki reyndar alltaf eilítið kynferðislega brenglaðar persónur.

Já, já. Georg er reyndar líka kynferðislega brenglaður.

En yfir í aðra sálma. Nú varst þú valinn leikskáld Borgarleikhússins í janúar síðastliðnum og átt að skila af þér einu leikriti í það minnsta fyrir næsta leikár...

Nei, það er reyndar ekki krafa. Leikhússkaldið er svona verkefni þar sem einhver sem ekki hefur tengst leikhúsinu er fenginn til þess að verða hluti af því. Mæta á áfingar, frumsýningar, tala við fólk og kynast leikhúsinu. Ef einhver ávöxtur verður svo af því þá er það síðan plús. En ég er að skrifa leikrit, sem verður líklega sett upp á Nýja sviðinu eftir tvö ár, og heitir Hótel Volkswagen. Það er svona súrrealískt og absúrd leikrit.

Og hvernig leggst þetta í þig?


Mjög vel. Þetta er yndislegt. Það er svolítið merkilegt að þegar ég kom inn í leiklistina þá kom ég sem svona utangarðsmaður og mætti oft svolitilli andstöðu og mótpróa, vegna þess að ég var amatör og ekki leiklistarskólalagenginn. En ég bara mætti með það hugarfar að gera mitt besta, og ég hef komið mér áfram á því að vera skapandi. Ég hef þurft að búa til hugmyndirnar sjálfur. Það hefur aldrei neinn leikstjóri hringt í mig og boðið mér hlutverk. Ég hef þurft að skrifa þau sjálfur til að fá tækifæri til að leika þau. Og þetta er svolítið svipuð staða núna þegar ég er kominn í stjórn málin því ég hef aldrei verið viðloðandi þau. Ég fæ sömu viðbrögð og þegar ég var að koma inn í leiklistina fyrir tíu árum síðan. Ég sé mig jafnvel

fyrir mér núna að eiga eftir að vera næstu tíu árin í stjórn málum, og gera jafnvel frábærari hluti þar en ég er búinn að vera að gera í hinu.

Finnurðu ennþá fyrir mótlæti í þinn garð sem leikara?

Nei, það er alveg breytt. Enda er ég búinn að fá starfsviðurkenningu. Ég er kominn með starfsréttindi sem leikari. Þú þarft að vera leiklistarskólalagenginn eða vera búinn að starfa við leiklist í ákveðið mörg ár. Og þá er það matsatriði hvort þú fái starfsréttindi. Það eru fleiri. Laddi til dæmis. Eggert Þorleifsson...





JÓNT GJAFAR

viðtalið



Já, eru þetta sjálfærðir menn eins og þú?

Já. Kómedía hefur alltaf verið svo lágt skrifuð hérna. Ef fólk hefur verið mjög fyndið, þá hefur það verið útilokað úr leiklistarskólanum. Þetta hefur viðgengist hérna öldum saman. Það er tilhneiging í íslenskri menningu að tengja grín við greindarskort. Ef þú ert skemmtilegur eða brosmildur þá hlýturðu að vera frekar vitlaus.

En verðurðu ennþá var við að fólk eigi erfitt með að taka þig alvarlega? Þú ert einn af þessum mönnum sem margir þurfa ekki annað en að sjá til þess að fara að hlæja. Þú hefur til dæmis ekki verið mikið í því að leika alvarleg hlutverk. Er það eitthvað sem þú gætir hugsað þér?

Já, já. Ég er alveg fantagóður leikari. Góðir gamanleikarar eru yfirleitt mjög góðir leikarar í öðrum hlutverkum. En dramatískir leikarar eru yfirleitt ekki fyndnir. Nema í undantekningartilfellum. Eins og til dæmis Alec Baldwin. Einn af Baldwin-bræðrunum skilurðu. „What sucks about being a Baldwin? Nothing!“. Svo allt í einu er hann orðinn rosalega fyndinn.

Aðeins í lokin um uppistand. Nú varst þú einn af þeim sem lagði línurnar fyrir uppistand á Íslandi. Núna er uppistand að færast í vöxt. Fylgist þú með því sem er að gerast í dag og er eitthvað sem heillar þig?

Já, ég hef fylgst með ef það er eitthvað sem impressar mig sérstaklega. Það sem hefur heillað mig mest er 12:00 í Verzló. Hefurðu séð það sem þeir eru að gera?

Já, ég hef séð eitthvað af þessu.

Þetta er algjör snilld. Lögin eru algjörlega brílljant. „Rannsóknarlögreglan, við finnum morðingjann“. Og þarna rappið. „Hey, hvar eru

hundarnir mínir?“. Mér finnst þetta jafngott og þegar við Sigurjón vorum að gera „My Bitch“. Ég er á því að Verzlunarskólinn sé langbesti skólinn í Reykjavík. Almennilegasta fólkið kemur úr þessum skóla. Hann ber höfuð og herðar yfir alla hina skólana.

Í hvaða framhaldsskóla gekkst þú?

Engan.

Hættirðu eftir gagnfræðaskólann?

Ég kláraði ekki einu sinni gagnfræðaskólann. Ég var bara vandræðaunglingur og var sendur á Núp í Dýrafirði.

Hvað finnst Jóni Gnarr skemmtilegast að leika?

Georg Bjarnfreðarson. Engin spurning. Það var skemmtilegt frá fyrsta degi. Ofboðslega krefjandi að sjálfsgöðu, og mikil umbreyting, og ég var kominn með ógeð á honum alltaf þegar ég var búinn að leika hann. En þetta var svo gaman. Mér finnst ég sjálfur líka ógeðslega fyndinn. Og ég að leika Georg Bjarnfreðarson, Óli að reyna að fá að gera eitthvað og Georg að stoppa hann, þetta finnst mér óstjórnlega fyndið. Svona leiðindi.

Er Jón Gnarr angraður af fyllibyttum úti á götu?

Ég er aldrei innan um fyllibyttur. Ég á rosalega erfitt með drukkið fólk. Ég er ekki bindindismaður. Ég drekk sjálfur, en verð oft hræddur innan um annað fólk ef það er fullt. En jú, jú, ég er alveg beðinn um að leika einhverjar persónur úti á götu. En ég bara geri það ekkert. Pétur Jóhann Sigfússon hinsvegar, hann fær ekki einu sinni frið í sundi sko. Ef hann fer í sund með stelpurnar sínar er jafnvel fullorðið fólk að kalla á krakkana sína og segja „Hey, sjáiði krakkar, Pétur Jóhann Sigfússon“ og sendir síðan krakkana til hans.

En hvað finnst Jóni Gnarr sjálfum fyndið?

Ég fylgist ekki mikið með gríni. En súrrealískt og absúrd grín finnst mér mjög fyndið, ef það er vel gert. En annars er ég voða mikill sökker fyrir vönduðum dramaþáttum. Ég gæti til dæmis horft endalaust á The Wire. En varðandi grín þá hef ég enga nennu í að horfa á Curb Your Enthusiasm eða Seinfeld. Þetta er ekki eitthvað sem ég drekk í mig. Jú, Pétur Jóhann finnst mér reyndar alveg óstjórnlega fyndinn maður. Bara það að horfa á hann er fyndið. Hvernig hann vappar um eins og mörgæs einhvern veginn. Mér finnst hann ógeðslega fyndinn.

BLEND®



BLEND®

Kringlan // Smáralind // www.blendcompany.com // www.blendtheworld.com

FERILLINN



Bruce Willis

Hæð: 183 sentimetrar.
Besta hlutverk: John McClane í Die Hard-myndunum. Einn harðasti nagli kvikmyndasögunnar.
Skrýtin staðreynd: Samanlagt hafa myndir hans þénað yfir 2,5 milljarða Bandaríkjadollara, sem gerir hann einn af 10 verðmætustu leikurum sögunnar.
Eitruð tilvitnun: „Ég held að það séu þrjú lönd eftir í heiminum sem ég get farið til án þess að vera eins þekktur og ég er hér. Ég er frekar stór stjarna.“

1955 Fæðist 19. mars í Idar-Oberstein í Vestur-Þýskalandi, en elst að mestu upp í New Jersey.

1985 Byrjar að leika í þáttunum Moonlighting á móti Cybill Shepherd og verður heimsfrægur. Fær bæði Emmy- og Grammy-verðlaun fyrir hlutverkið. Framleiðslu þáttanna er hætt 1989.

1987 Kvænist leikkonunni Demi Moore, en þau skilja árið 2000. Þau eiga saman þrjár dætur, þær Rumer, Scout og Tallulah.

1988

Leikur í fyrstu Die Hard-myndinni, sem þykir ein besta spennamynd sögunnar og er í 109. sæti yfir bestu myndir allra tíma á IMDB.com.



1997

Kvikmyndatímaritið Empire setur hann í 22. sæti yfir mestu kvikmyndastjörnur sögunnar.

1998

Leikur í stórmyndinni Armageddon sem halar inn 561 milljón Bandaríkjadollara.

1999

Leikur í Sixth Sense sem halar inn 673 milljónum Bandaríkjadollara og er í 128. sæti yfir bestu myndir allra tíma á IMDB.com.

2000

Hlýtur Emmy-verðlaun fyrir gestahlutverk í Friends, þar sem hann leikur föður kærustu Ross.

2009

Kvænist maltnesk-ættuðu fyrir-sætunni Emmu Heming.



Frumnýningar helgarinnar

Cop Out

Leikstjóri: Kevin Smith.
Aðalhlutverk: Bruce Willis, Tracy Morgan, Adam Brody, Kevin Pollak, Guillermo Diaz, Seann William Scott, Jason Lee og Ana de la Reguera.
Lengd: 107 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,0 / Metacritic: 3,1 / Rotten Tomatoes: 19%
Aldurstakmark: 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Sambíóin Kringlunni og Sambíóin Akureyri.



Gamalreind löggæta (Willis) lendir í því að fágætri og afar verðmætri hafnaboltamynd er stolið af honum. Hann leitir allra ráða til að ná henni aftur, þar sem myndin er eina leiðin til þess að borga fyrir brúðkaup dóttur hans. Fær hann til liðs við sig aðra reynda löggæta (Morgan) og reyna þeir að hafa uppi á safnóða skúrknunum, en lenda heldur betur í miklum ævintýrum.

The Back-Up Plan

Leikstjóri: Alan Poul.
Aðalhlutverk: Jennifer Lopez og Alex O'Loughlin.
Lengd: 106 mínútur.
Dómar: IMDB: 4,1 / Metacritic: 3,4 / Rotten Tomatoes: 20%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Laugarásbíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri.

Zoe (Lopez) er orðin þreytt á að biða eftir rétta manninum. Hún er staðráðin í að eignast barn og ákveður að láta verða af því ein síns liðs og gengst undir tæknifrjóvgun. Um leið og hún fær að vita að hún er ólétt hittir hún Stan, mann sem henni líst mjög vel á og þau fara að rugla saman reitum. Hann hefur hins vegar ekki hugmynd um að hún á von á barni.



J-LO BLÖSKRAR HVERSU LÁG FITUPRÓSENTA ALEX O'LOUGHLIN ER

Hollywood uppiskroppa með hugmyndir?

Endurgerðir og framhaldsmyndir það eina sem kemur frá draumasmíðjunni.

VÆNTANLEGAR

- Shrek Forever After
- Sex and the City 2
- Marmaduke
- The A-Team
- The Karate Kid
- Toy Story 3
- The Twilight Saga: Eclipse
- Predators
- The Expendables
- Piranha 3-D
- Resident Evil: Afterlife
- Wall Street: Money Never Sleeps
- Jackass 3-D
- Saw VII 3-D
- Harry Potter and the Deathly Hallows: Part 1
- The Chronicles of Narnia: The Voyage of the Dawn Treader
- TRON Legacy
- Yogi Bear
- Gulliver's Travels
- True Grit



Kvikmyndaársins 2010 verður helst minnst sem árs framhaldsmynda og endurgerða á gömlum kvikmyndum. Iron Man 2, Toy Story 3 og endurgerð af Karate Kid eru dæmi um væntanlegar myndir sem falla í þennan flokk. Þá hefur velgengni Avatar orðið til þess að annar hver maður vill gera 3-D mynd og eru til dæmis Jackass 3-D og Saw VII 3-D væntanlegar. „Það eru kostir og ókostir við framhaldsmyndir og endurgerðir,“ segir Betsy Sharkey, kvikmynda-gagnrýnandi Los Angeles Times. „Það jákvæða er að ef fyrri myndin gekk vel vita áhorfendur hvað þeir eru að fara að sjá. Neikvæða hliðin er að það er erfitt að gera eitthvað nýtt og ferskt,“ segir Sharkey, en nefnir Pirates of the Caribbean og Shrek sem dæmi um myndir sem spunnu af sér ágætar framhaldsmyndir.


Margir saka kvikmyndaframleiðendur um að láta stjórna af peningagræðgi, fremur en hugsjónum. Kvikmyndin Alvin and the Chipmunks, sem byggð er á gömlum teiknimyndum og sjónvarpsþáttum, var af mörgum talin ein versta mynd ársins 2007. Þrátt fyrir það halaði hún inn 361 milljón Bandaríkjadollara. Hagnaðurinn af myndinni varð til þess að ráðist var í að gera framhaldsmynd, Alvin and the Chipmunks: The Squeakquel, sem þykir jafnvel enn verri. Hún þénaði samt meira en fyrri myndin, eða 442 milljónir Bandaríkjadollara. Alvin and the Chipmunks 3-D er svo væntanleg á næsta ári.



ALVIN OG VINIR HANS ERU MJÖG LÍKLEGA TEKJUHÆSTU ÍKORNAR HEIMS

Á TEIKNIBORÐINU

- Avatar 2
- Alien 5
- The Birds
- Bourne 4
- Buffy the Vampire Slayer
- Da Vinci Code 3
- District 10
- Excalibur
- Fast & Furious 5
- Frankenstein
- Ghostbusters 3
- Harry Potter and the Deathly Hallows: Part 2
- The Hangover 2
- The Hobbit
- Lethal Weapon 5
- The Lone Ranger
- Pirates of the Caribbean: On Stranger Tides
- RoboCop
- Roger Rabbit 2
- Sherlock Holmes 2
- Spider-Man 4
- Star Trek 2
- The Thing
- Superman Returns 2
- Wolverine 2



VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á Cop Out. Það eina sem þú þarft að gera er að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á kvikmyndaþráð vikunnar. Á mánudag drögum við svo út nokkra sigurvegara. Þú finnur okkur með því að slá inn „Tímaritið Monitor“ í leitarstrenginn.

KVIKMYNDA
quiz

Hvað veistu um...
kvikmyndir síðasta áratugar?

1. Í hvaða borg gerist kvikmyndin *Lost in Translation*?

2. Í hvaða kvikmynd er sagt frá þeim Ennis Del Mar og Jack Twist?



3. Hver lék Amelie í samnefndri kvikmynd?

4. Hver leikstýrði og skrifaði handritið að kvikmyndinni *Veðramót*?

5. Úr hvaða kvikmynd er þetta atriði?



6. Hver lék Bondstúlkuna Jinx Johnson?

7. Fyrir hvaða kvikmynd hlaut Denzel Washington óskarsverðlaun sem besti leikari í aðalhlutverki?

8. Hvað heitir góðvinkona Batman, sem er leikin af Katie Holmes í *Batman Begins* og af Maggie Gyllenhaal í *Dark Knight*?



9. Hvað heitir kvikmyndin sem Britney Spears lék í árið 2002?

10. Hvað heitir gíraffinn í *Madagascar*?

11. Hver lék Napoleon Dynamite?



12. Hvers lensk er kvikmyndin 4 mánuðir, 3 vikur og 2 dagar?

EINKUNNASPJALDIÐ

10-12 RÉTT þú ert Rainman. Fáránlega vel gert, en það er allt í lagi að slökkva á sjónvarpinu öðru hverju.



7-9 RÉTT þú ert Jason Bourne. Kannst allt sem þarf að kunna og heldur um leið kúlinu.



4-6 RÉTT þú ert Ferris Bueller. Meira í því að hafa gaman af lífinu en að keppast við að vera kvikmyndanörd.



1-3 RÉTT þú ert Forrest Gump. Kvíddu samt engu, þú átt viðburðaríka ævi framundan.



Rétt svör: 1. Tókíó, 2. Brokeback Mountain, 3. Audrey Tautou, 4. Gwyneth Hallidorsdóttir, 5. Secretary, 6. Halle Berry, 7. Training Day, 8. Rachel Dawes, 9. Crossroads, 10. Melman, 11. Jon Heder, 12. Rúmensk.

Tværvillur í nafninu

Julia Louis-Dreyfus fékk stjörnu á Hollywood Walk of Fame.

Leikkonan Julia Louis-Dreyfus, sem er best þekkt fyrir að leika Elaine í sjónvarpsþáttunum *Seinfeld*, fékk á dögunum stjörnu með nafninu sínu í gangstéttina á Hollywood Walk of Fame. Var hún vitaskuld hæstánægð með heiðurinn, allt þar til hún komst að því að nafnið hennar var vitlaust skrifað og innihélt hvorki meira né minna en tvær stafsetningarvillur. Louis var skrifað „Luis“ og ekkert bandstrik á undan Dreyfus-nafninu. Leikkonan hafði þó húmor fyrir öllu saman. „Þetta var fullkomlega

viðeigandi og mjög góð myndlíking fyrir skemmtanaíðnaðinn. Einmitt þegar maður heldur að maður sé búinn að meika það er maður sparkað niður aftur,“ sagði hún við afhjúpun stjörunnar.

Julia er fyrsti meðlimur *Seinfeld*-gangstéttina til að fá stjörnu á gangstéttina. Jason Alexander, sem lék George í þáttunum, mætti einmitt á athöfnina og sömuleiðis Larry David sem skrifaði þættina með Jerry Seinfeld. Julia leikur um þessar mundir í sjónvarpsþáttunum *The New Adventures of Old Christine*.



STJÖRNUSTÆLAR Í HOLLYWOOD

ZOO YORK.COM

HUBER PRO

ZOO YORK FOOTWEAR

FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?


Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?

Vaknarðu oft með verki í mjöðm?

Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?

Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjóska
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR FYRIR SUMARHÚS OG HEIMILI ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í 60 ÁR

CLASSIC RAFSTILLANLEG HJÓNARÚM
160X200 CM. KR. **359.820,-**

DRAUMEY HJÓNARÚM
160X200 CM. KR. **149.170,-**

DÖGUN HJÓNARÚM
160X200 CM. KR. **203.351,-**



ÖLL ARINELDSTÆÐI Á 50% AFSLÆTTI

EITT BESTA VERÐ LANDSINS Á
GEL / ETHANOL ARINELDSTÆÐUM.

ETHANOL UPPKVEIKILÖGUR 2 L. KR. 1.490,-

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Ópið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is



fílófaxið

TÓNLEIKAR, LEIKHÚS, SÝNINGAR, ÍPRÓTTIR, UPPISTAND, PUB QUIZ, TRÚBADORAR OG ALLT



Mynd/Galli

6
maí

fimmtudagur

ÍSLANDSMÓTIÐ Í HANDKNATTLEIK

Vodafone-höllin
19:30 Fjórði leikur Vals og Hauka í úrslitainvigninu um Íslandsmeistarátítlinn í handknattleik. Haukar leiða einvígið 2-1 og geta því tryggt sér titilinn með sigri.



GUL TÓNLEIKARÖÐ – SCHUMANN OG BRAHMS II

Háskólabíó
19:30 Í gulu röðinni kennir ymissa grasa en sérstök áhersla er lögð á þýsk tónskáld á 19. öld, rómantíska snillinga eins og Schubert, Mendelssohn, Schumann og Brahms. Í tilefni af 200 ára afmæli Schumanns mun Sinfóníuhljómsveitin halda röð tónleika á þessu starfsári og því næsta. Aðgangseyrir 3.300 og 3.700 krónur.

STRÆTI

Nemendaleikhúsið LHÍ, Smiðjan
20:00 Lokaverkefni Nemendaleikhússins í ár er leikritið Stræti eftir Jim Cartwright í þýðingu Árna Ibsen. Útskriftarángurinn hefur vakið mikla athygli fyrir fyrri sýningar sínar í veturnum, Eftirlitsmanninn og Bráðum hata ég þig. Stræti var fyrst sýnt fyrir rúmum tveimur áratugum og hefur síðan verið sýnt við góðar undirtektir í leikhúsum víða um heim. Miðaverð 1.500 krónur.



FAUST
Borgarleikhúsið, Stóra Sviðið B
20:00 Það eru liðin fjórtíu ár síðan Faust fór síðast á leiksvið á Íslandi en nú gefst áhugasömum tækifæri til að berja sýninguna augum í Borgarleikhúsinu. Í þetta skipti er leikstjórn í höndum Gísla Arnar Garðarssonar en það er enginn annar en Nick Cave sem sér um tónlistina í sýningunni ásamt Warren Ellis.

ÓDAUÐLEGT VERK UM STRÍÐ OG FRÍÐ

Hafnarfjarðarleikhúsið
20:00 Ódauðlegt verk um stríð og fríð var forsýnt á Lokali í september 2009. Verkið er könnunarleiðangur um myrka kima mannlegrar náttúru og er byggt á sönnum atburðum. Leikstjóri er Steinunn Knútsdóttir. Ekkert kostar inn á sýninguna en hægt er að taka frá miða í síma 555-2222 eða með pósti á netfangið theater@vortex.is.

BLÚSAKADEMÍAN

Sódoma
21:00 Heljarinnar blústónleikar með Blúsakademíunni. Sveitina skipa Sigurður Sigurðarson munnhórpuleikari og söngvari, Tryggvi Hübner gítar, Pjetur Stefánsson gítar og söngur, Jón Borgar Loftsson trommur, Páll Elfar Pálsson bassi. Sérstakur gestur akademíunnar þetta kvöld verður Jens Hansson hljómborðs- og saxafónleikari.



GUNNI ÞÓRÐAR

Rósenberg
21:00 Gunnar Þórðarson ásamt hljómsveit leikur fyrir gesti.

TÓNLEIKAR KRISTÍNAR BERGS

Þjóðmenningarhúsið
21:00 Söngkonan Kristín Bergsdóttir heldur útskriftartónleika frá Listaháskóla Íslands. Hún flytur verkið Vor, sem er frumsamin poppsvita í sjö þáttum.



BREAKBEAT.IS-KVÖLD

Prikid
22:00 Rúmur lítri af bjór á þúsund kall.

RAGGI TRÚBADOR

Danska kráin
22:00 Trúbadorinn Raggi heldur uppi góðri stemningu fyrir gesti fram yfir miðnætti.



VIGNIR Á HRESSÓ

Hressó
22:00 Vignir Snær leikur fyrir gesti.

PUB QUIZ SAMMARANS

English Pub
22:00 Vikuleg fótballspurningakeppni á vegum umsjónarmanna vefsins Sammarinn.com. Klukkan 22 taka trúbadorarinn Siggí og Davíð við.

SALSA OG MOJITO

Thorvaldsen
20:00 Suðræn stemning í hæsta gæðaflokki. Salsa- og mojítokvöld.



SJONNI BRINK OG VIGNIR

B5
22:00 Sjonni Brink og Vignir Snær halda uppi trúbadorastemningu fyrir gesti fram yfir miðnætti.

POLAR PUB QUIZ

Karaoke Sport Bar
21:00

Eins árs afmæli Polar Pub Quiz

„Þetta er alltaf að verða stærra og stærra,“ segir Einar Már Jóhannesson, annar umsjónarmaður barspurningakeppninnar Polar Pub Quiz sem hefur verið haldin á skemmtistaðnum Karaoke Sport Bar á fimmtudagskvöldum undanfarið ár. Einar stendur fyrir keppninni ásamt Eyþóri Sæmundssyni félag sínum og fagna þeir eins árs afmæli keppninnar á fimmtudagskvöld.

„Þetta eru þrjár lotur. Í fyrstu lotunni eru venjulegar spurningar, í annari eru krossaspurningar og í þriðju lotunni er tónlist, hljóddæmi og myndbrot. Við gefum líka vinninga inn á milli lota,“ segir Einar spurður um leikreglurnar. Vinningarnir eru jafnan í formi bjórs en í tilefni af afmælinu verða sigurlaunin veglegri en venjulega.

Einar segir aðsóknina jafnan góða og ekki skemmir fyrir að þeir félagar eru farnir að fá þekkta spyrna til leiks. Til að mynda ætlar grínistinn Steindi Jr. að vera spyrill 20. maí næstkomandi. Þá hafa svokölluð þemakvöld notið mikilla vinsælda. „Við höldum stelpukviss fyrir tveimur mánuðum og þar mættu 132 gargandi þiur. Við ætlum að endurtaka það í júní. Svo er ætlunin að vera með nördakviss í sumar með alveg þvítíkum nördaspurningum. Þá fá þeir sem mæta í Chewbacca-búning frítt að drekka,“ segir Einar.

Birkilauf - Betulic

Birkilauf hefur góð áhrif á bæði vökvajafnvægi líkamans og húð, örvar starfsemi nýrna og þvagfæra. Hraðar efnaskiptum og losar vatn úr líkamanum, dregur úr bólgum og afeittrar líkamann (detox).



www.birkiaska.is

Minnistöflur

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239

www.birkiaska.is



FOSFOSER
MEMORY

Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

VAXTALAUSIR DAGAR Í GÁP

Komdu til okkar og gerðu góð hjólakaup! Þú færð draumahljólið þitt hjá okkur og getur skipt greiðslunni vaxtalaust niður.



WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI
S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18. • LAU. KL. 11-16

mongoose
alvöru fjallahjól

LITLA FLUGAN - TÓNLEIKAR TIL HEIÐURS SIGFÚSI HALLDÓRSSYNI

Salurinn í Kópavogi
21:00

Lög sem maður fékk með móðurmjólkinni

„Ég held að það séu allir aðdáendur Sigfúsar Halldórssonar inn við beinið. Þetta eru lög sem maður hefur fengið og lært í gegnum æskuna og með móðurmjólkinni,“ segir söngvarinn Stefán Hilmarsson. Hann kemur fram, auk Egils Ólafssonar og Heru Bjarkar Þórhallsdóttur, á tónleikum til heiðurs tónskáldinu Sigfúsi Halldórssyni í Salnum í Kópavogi á föstudags- og laugardagskvöld.

„Þetta er liður í árlegri menningarvöku sem kallast Kópavogsdagar. Sigfús Halldórsson var heiðurslistamaður Kópavogs í sinni tíð og það er verið að halda upp á að hann hefði orðið níræður á þessu ári,“ segir Stefán. Eftir Sigfús liggja lög eins og Litla flugan, Dagný, Tondeleyo og Við Vatnsmýrina og segir Stefán skemmtilegt að taka fyrir verk hans. „Sigfús var einn af fyrstu dægurlagahöfundum sögunnar og ég held að það finnst varla sá Íslendingur sem ekki getur blístrað lag eftir hann,“ segir hann.



7
maí

föstudagur

MONITOR

Allt að gerast - alla fimmtudaga!
monitor@monitor.is

Ertu að fara að búa?
Ekki byrja á því að skuldsetja þig

Öryggi til framtíðar,
frelsi þegar þér hentar

B BÚSETI™

Búseti Tel. • Skrifstofa 19 • 108 Reykjavík • Sími 520-5788 • Fax 533-9749 • www.buseti.is



ÍSLANDSKLUKKAN

Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið
19:00 Stórbrotið skáldverk um sjálfsmynd lítillar þjóðar og sjálfstæði í glænýrri leikgerð. Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness er afmælissýning Þjóðleikhússins, en 60 ár eru liðin frá opnun þess þann 20. apríl árið 1950. Íslandsklukkan var einmitt ein af þremur opunarsýningum leikhússins. Leikstjóri er Benedikt Erlingsson. Miðaverð 3.400 krónur.

DÚFURNAR

Borgarleikhúsið, Nýja Sviðið B
19:00 og 22:00. Forstjórinn Róbert hverfur eftir jólabóð fyrirtekisins. Í kjölfarið sest vænisjúka taugahrúgan Holgeir í forstjórastólinn, þótt honum sé það þvert um geð. Meinfyndið leikrit eftir David Giesemann sem ætti að höfða til þeirra sem hafa gaman af sjónvarpsþáttum á borð við Klovn og The Office. Miðaverð 3.450 krónur.

STRÆTI

Nemendaleikhús LHÍ, Smiðjan
20:00 Lokaverkefni Nemendaleikhússins í ár er leikritið Stræti eftir Jim Cartwright í þýðingu Árna Ibsen. Úskriftarargangurinn hefur vakið mikla athygli fyrir fyrri sýningar sínar í vetur. Eftirlitsmanninn og Bráðum hata ég þig. Stræti var fyrst sýnt fyrir rúmum tveimur áratugum og hefur síðan verið sýnt við góðar undirtektir í leikhúsum víða um heim. Miðaverð 1.500 krónur.



ÓDAUÐLEGT VERK UM STRÍÐ OG FRÍÐ

Hafnarfjarðarleikhúsið
20:00 Ódaudlegt verk um stríð og fríð var forsynt á Lokal í september 2009. Verkið er könnunarleiðangur um myrka kima mannglegrar náttúru og er byggt á sönnum atburðum. Leikstjóri er Steinunn Knútsdóttir. Ekkert kostar inn á sýninguna en hægt er að taka frá miða í síma 555-2222 eða með pósti á netfangið theater@vortex.is.

39 ÞREP

Íslenska óperan
20:00 Nýlegur gamanleikur eftir Patrick Barlow, sem byggður er á þektri kvikmynd Alfred Hitchcock eftir samnefndri skáldsögu John Buchan. Segir frá hinum dekraða glaumgösa Richard Hannay, sem er vanur ljúfu lífi bresku yfirstéttarinnar, en sogað skyndilega inn í ævispennandi atburðarás. Leikstjóri er María Sigurðardóttir en með aðalhlutverk fara Atli Þór Albertsson, Björn Ingi Hilmarsson, Jóhann G. Jóhannsson og Þrúður Vilhjálmsdóttir. Miðaverð 3.200 krónur.

GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B
20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjálarinnar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Simonarsonar. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en tónlistin í verkinu var sérsamin af hljómsveitinni Ný dönsk. Miðaverð 3.950 krónur.

VILLIDÝR / PÓLÍTÍK

Borgarleikhúsið, Líti Salur
19:00 Ráðiusbræðurnir Davíð Þór Jónsson og Steinn Ármann Magnússon leiða saman hesta sína á ný í íslensku útgáfu frægrar uppistandssýningar Ricky Gervais. Fyrir hlé er það Pólitik með Davíð Þór og eftir hlé mættir Steinn Ármann með Villidýr. Leikstjóri er Gunnar B. Guðmundsson sem leikstýrði síðasta Áramótaskaupi og kvikmyndinni Astrópiu. Miðaverð 3.450 krónur.



ROKKABILÍBAND REYKJAVÍKUR

Rósenberg
22:00 Rokkabilíband Reykjavíkur leikur fyrir gesti.

FRANZ, KRISTÓ OG GÍSLI GALDUR

Prikið
22:00 Franz og Kristó hefja leikinn klukkan 22 með lifandi spílamennsku. Gísli galdur tekur svo við um miðnættið og þeytir skifum frameftir nóttu.

TÓNLEIKAR MED MÚGSEFJUN

Næsti bar
22:00 Hljómsveitin Múgsefjun stígur sín fyrstu skref í síðbúinni útrás þegar hún kemur fram á Nordischer Klang hátíðinni í Þýskalandi í næstu viku. Til að hita upp og safna fé fyrir reisuna stendur Múgsefjun fyrir tónleikum á Næsta bar. Aðgangseyrir aðeins 500 krónur.

DJ JÓNAS Á VEGAMÓTUM

Vegamót
00:00 DJ Jónas sér um að láta liðið dansa.



HREIMUR TRÚBADORAST

Danska kráin
00:00 Hreimur Heimisson úr Landi og sonum trúbadorast langt frameftir nóttu og tekur alla helstu slagarana.

DJ EINAR Á B5

B5
00:00 DJ Einar þeytir skifum.



TRÚBADORASTEMNING

English Pub
21:00 Þór Óskar spilar til 23:30. Þá tekur Maggi Hlynur við og glamrar fram á rauða nótt.

DJ KOBBI Á THORVALDSEN

Thorvaldsen
00:00 Plötusnúðurinn Kobbi sér um að láta liðið hreyfa sig.



NOKIA ON ICE

Sódoma
00:00 Tónlistarveisla á Sódoma. DJ Mike Sheridan, Samúel J. Samúelsson Big Band, Snorri Helga ásamt hljómsveit, Who Knew, Cliff Clavin, Miri, Of Monsters and Men, Biggi Bix, DJ Margeir og Hoffman troða upp. Fritt inn.

DJ FANNAR Á HRESSÓ

Hressó
01:00 Plötusnúðurinn Fannar heldur húsinu heitu.

VÖLUNDARHÚSIÐ

Norðurljólinn
13:00 og 15:00. Sýning fyrir alla fjölskylduna sem er allt í senn leiksýning, tónleikar, myndlistarsýning, leikvöllur og tilraunastofa. Börnin ganga í gegnum völuhandhúsið og á leið sinni geta þau tekið þátt í hinum ýmsu þrautum. Leikstjóri er Íris Stefania Skúladóttir. Aðgangseyrir 1.200 krónur.



FÍASÓL

Þjóðleikhúsið, Kúlan
13:00 og 15:00. Átta ára gleðisprengjan Fíasól er drottning í sínu eigin, risastóra hugmyndaríki. En stundum fljúga hugmyndirnar svo hátt að hún missir þær út í vitleysu. Sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á vinsælum barnabókum eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Leikstjóri er Vigdís Jakobsdóttir. Miðaverð 1.500 krónur.

POINT DANSSTÚDÍÓ

Samkomuhúsið á Akureyri
13:00 14:30 og 16:00. Vorsýning Point Dansstúdíós, sem er djassballettskóli á Akureyri sem hefur verið starfræktur undanfarnir fjögur ár. Þetta vorið er söngleikþæma og taka um fjögur hundruð nemendur skólans þátt. Aðgangseyrir 1.500 krónur.



STRÆTI

Nemendaleikhús LHÍ, Smiðjan
20:00 Lokaverkefni Nemendaleikhússins í ár er leikritið Stræti eftir Jim Cartwright í þýðingu Árna Ibsen. Úskriftarángangurinn hefur vakið mikla athygli fyrir fyrri sýningar sínar í vetur. Eftirlitsmanninn og Bráðum hata ég þig. Stræti var fyrst sýnt fyrir rúmum tveimur áratugum og hefur síðan verið sýnt við góðar undirtektir í leikhúsum víða um heim. Miðaverð 1.500 krónur.

LITLA FLUGAN

Salurinn í Kópavogi
17:00 og 21:00. Tónleikar til heiðurs Sigfúsi Halldórssyni. Perlu hans fluttar af Stefáni Hilmarssyni, Heru Björk Þórhallsdóttur og Agli Ólafssyni. Tondeleyo, Litla flugan, Dagný, Við Vatnsmyrina og fleiri ódauðleg lög. Með hljómsveitarstjórn fer Björn Thoroddsen. Miðaverð 3.500 krónur.

ÓDAUÐLEGT VERK UM STRÍÐ OG FRÍÐ

Hafnarfjarðarleikhúsið
20:00 Ódauðlegt verk um stríð og fríð var forsýnt á Lokal í september 2009. Verkið er könnunarleiðangur um myrka kima mannlegrar náttúru og er byggt á sönnnum atburðum. Leikstjóri er Steinunn Knútsdóttir. Ekkert kostar inn á sýninguna en hægt er að taka frá miða í síma 555-2222 eða með pósti á netfangið theater@vortex.is.



ÍSLANDSKLUKKAN

Þjóðleikhúsið, Stóra sviðið
19:00 Stórbrotið skáldverk um sjálfmynd litillar þjóðar og sjálfstæði í glænýrri leikgerð. Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness er afmælissýning þjóðleikhússins, en 60 ár eru liðin frá opnun þess þann 20. apríl árið 1950. Íslandsklukkan var einmitt ein af þremur opnunarsýningum leikhússins. Leikstjóri er Benedikt Erlingsson. Miðaverð 3.400 krónur.

DÚFURNAR

Borgarleikhúsið, Nýja Sviðið B
19:00 Forstjórinn Róbert hverfur eftir jólaboð fyrirtækisins. Í kjölfarið sest vænisjúka taugahrúgan Holgeir í forstjórastólinn, þótt honum sé það þvert um geð. Meinfyndið leikrit eftir David Gieselmann sem ætti að höfða til þeirra sem hafa gaman af sjónvarpsþáttum á borð við Klovn og The Office. Miðaverð 3.450 krónur.

39 ÞREP

Íslenska Óperan
20:00 Nýlegur gamanleikur eftir Patrick Barlow, sem byggður er á þekktri kvikmynd Alfred Hitchcock eftir samnefndri skáldsögu John Buchan. Segir frá hinum dekraða glaumgosa Richard Hannay, sem er vanur ljúfu lífi bresku yfirstéttarinnar, en sagast skyndilega inn í æsispennandi atburðarás. Leikstjóri er María Sigurðardóttir en með aðalhlutverk fara Atli Þór Albertsson, Björn Ingi Hilmarsson, Jóhann G. Jóhannsson og Prúður Vilhjálmsdóttir. Miðaverð 3.200 krónur.



GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B
20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjalirnar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Símonarsonar. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en tónlistin í verkinu var sérsamin af hljómsveitinni Ný dönsk. Miðaverð 3.950 krónur.

NOKIA ON ICE

Sódoma
21:00 Rokkhátíð með DJ Mike Sheridan, Samúel J. Samúelssyni Big Band, Snorra Helga ásamt hljómsveit, Who Knew, Cliff Clavin, Miri, Of Monsters and Men, Bigga Bix og Hoffman. Miðaverð þúsund krónur og er eingöngu selt við innganginn.

ÍMYND Á HRESSÓ

Hressó
22:00 Hljómsveitin Ímynd með Alexander Aron fremstan í flokki treður upp. Eftir miðnætti tekur plötusnúðurinn Elli við stjórninni.

ROKKBILLÍBAND REYKJAVÍKUR

Rósenberg
22:00 Rokkbillíband Reykjavíkur leikur fyrir gesti.



VORGLEÐI Í MOSÓ MEÐ SÁLINNI

Íþróttahúsið að Varmá
23:00 Vorfagnaður í Mosfellsbæ með Sálinni hans Jóns míns. Sálverjar ætla að taka öll sín helstu lög og lofa miklu og góðu stuði. Forsala miða er í Grillnesti í Mosfellsbæ.

TRÚBADORASTEMNING

English Pub
23:30 Raggi og Þór Óskar spila fyrir mannskapinn fram á rauða nótt.



DANNI DELUXXX

Prikið
00:00 Glamúrprinsinn Danni Deluxxx sér um að láta liðið dansa.

DJ SÍMON Á VEGAMÓTUM

Vegamót
00:00 DJ Símon sér um að láta liðið dansa.

BIGGI OG VALDI

Danska kráin
00:00 Trúadorarnir Biggi og Valdi skemmta fram eftir nóttu.

DJ LEIFUR Á B5

B5
00:00 DJ Leifur þeytir skífum.

DJ LÁKI Á THORVALDSEN

Thorvaldsen
00:00 DJ Láki þeytir skífum.



UPPISTAND MIÐ-ÍSLAND

Gljúfrasteinn
16:00

Pungskáld þjóðarinnar í höggstokkinn

„Nú ætlum við að bregða okkur í betri fötin,“ segir Halldór Halldórsson, betur þekktur sem Dóri DNA úr grínhópnum Mið-Ísland. Á laugardaginn klukkan 16 verður hópurinn með uppstand á Gljúfrasteini sem var heimili afa hans, Halldórs Laxness. „Við ætlum að láta staðinn hafa áhrif á uppstandið og munum ekki flytja sama groddaraefnið og venjulega. Þetta verður menningarlega grín. Við ætlum að setja pungskáld þjóðarinnar í höggstokkinn og verður af nógu að taka, enda eru þau með stór höfuð,“ segir Dóri.

Hann segir óneitanlega sérstakt að koma fram sem skemmtikraftur á heimili afa síns, sem hann eyddi mörgum stundum á í æsku. „Það verður mjög skrítið. Þetta verður í sömu stofu og ég hélt jólin mestan hluta ævi minnar,“ segir hann og heldur áfram: „Eftir sýninguna ætlum við að ganga yfir í ódálsetur foreldra minna og slá upp ærlegri, nýhilískri grillveislu. Við ætlum að grilla þvottabirni,“ segir Dóri.

Vertu með í uppbyggingunni

Miklar vonir eru bundnar við okkar greinar



FERÐAMÁLADEILD

diplóma í viðburðastjórnun
 diplóma í ferðamálafræði
 BA í ferðamálafræði
 MA í ferðamálafræði

FISKELDIS- OG FISKALÍFFRÆÐIDEILD

diplóma í fiskeldisfræði
 BS í sjávar- og vatnalíffræði (í samvinnu við HÍ)
 MS í sjávar- og vatnalíffræði

HESTAFRÆÐIDEILD

diplóma í reiðmennsku og reiðkennslu - leiðbeinandi
 diplóma í tannungum
 BS í reiðmennsku og reiðkennslu
 BS í hestafræðum (í samvinnu við Lbhí)

www.holar.is

sunnudagur

TÓNLEIKAR MED SIGRÍÐI EYRÚNU
Rósenberg
20:30



Söngleikja- og djasstónlist á afmælisdaginn

„Þetta verður kósý sunnudagsstemning. Ég ætla að taka vel valin og falleg lög,“ segir Sigríður Eyrúna Friðriksdóttir, sem stendur fyrir tónleikum á Rósenberg klukkan 20:30 á sunnudagskvöld. Sigríður er sprenglærð í tónlist, en hún stundaði nám í bæði Söngskóla Reykjavíkur og FÍH. Þá bjó hún um tíma í Toronto í Kanada þar sem hún lærði meðal annars undir handleiðslu konu sem var raddþjálfari fyrir söngleikjamyndir á borð við Chicago og Hairspray. Fyrri hluti tónleikanna er einmitt helgaður söngleikja- og djasstónlist. „Ég ætla að syngja lög sem eru upprunalega úr söngleikjum en hafa verið færð yfir í djassútgáfur, eftir tónlistarmenn á borð við Cole Porter,“ segir Sigríður. Henni til halds og trausts í fyrri hlutanum verður píanóleikarinn Agnar Már Magnússon, en í seinni hlutanum leikur þjóðlagaband undir og þá verða tekin fyrir írsk, skosk og amerísk þjóðlög. Sigríður heldur upp á afmæli sitt sama dag og tónleikarnir fara fram, en hún vildi ekki auglýsa tónleikana undir því yfirskyni. „Ég ætla ekki að gera þetta eins og Páll Óskar, enda set ég mig ekki alveg á sama stall,“ segir Sigríður og hlær.

POINT DANSSTÚDÍÓ

Samkomuhúsið á Akureyri
14:30 og 16:00 Vorsýning
13:00 Point Dansstúdíós, sem er djassballettskóli á Akureyri sem hefur verið starfræktur undanfarnir fjögur ár. Þetta vorið er söngleikjapema og taka um fjögur hundruð nemendur skólans þátt. Aðgangseyrir 1.500 krónur.



DÚFURNAR

Borgarleikhúsið, Nýja Sviðið B
20:00 Forstjórinn Róbert hverfur eftir jólaboð fyrirtækisins. Í kjölfarið sest vænissjúka taugahrúgan Holgeir í forstjórastólinn, þótt honum sé það þvert um geð. Meinfyndið leikrit eftir David Gieselmann sem ætti að höfða til þeirra sem hafa gaman af sjónvarpsþáttum á borð við Klovn og The Office. Miðaverð 3.450 krónur.



39 ÞREP

Íslenska óperan
20:00 Nýlegur gamanleikur eftir Patrick Barlow, sem byggður er á þekktri kvikmynd Alfred Hitchcock eftir samnefndri skáldsögu John Buchan. Segir frá hinum dekraða glaumgosa Richard Hannay, sem er vanur ljúfu lífi bresku yfirstéttarinnar, en sogast skyndilega inn í æsispennandi atburðarás. Leikstjóri er María Sigurðardóttir en með aðalhlutverk fara Atli Þór Albertsson, Björn Ingi Hilmarsson, Jóhann G. Jóhannsson og Þrúður Vilhjálmisdóttir. Miðaverð 3.200 krónur.

VÖLUNDARHÚSIÐ

Norðurpóllinn
13:00 og 15:00. Sýning fyrir alla fjölskylduna sem er allt í senn leiksýning, tónleikar, myndlistarsýning, leikvöllur og tilraunastofa. Börnin ganga í gegnum völundarhúsið og á leið sinni geta þau tekið þátt í hinum ýmsu þrautum. Leikstjóri er Íris Stefania Skúladóttir. Aðgangseyrir 1.200 krónur.

FÍASÓL

Þjóðleikhúsið, Kúlan
13:00 og 15:00. Átta ára gleðisprengrin Fíasól er drottning í sínu eigin, risastóra hugmyndaríki. En stundum fljúga hugmyndirar svo hátt að hún missir þær út í vitleysu. Sprellfjörug sýning fyrir alla fjölskylduna byggð á vinsælum barnabókum eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Leikstjóri er Vígðís Jakobsdóttir. Miðaverð 1.500 krónur.

GAURAGANGUR

Borgarleikhúsið, Stóra sviðið B
20:00 Ormur Óðinsson og félagar eru mættir aftur á fjálar í þessu ástsæla verki Ólafs Hauks Simonarsonar. Aðalhlutverkið er í höndum Guðjóns Davíðs Karlssonar en tónlistin í verkinu var sérsamin af hljómsveitinni Ný dönsk. Miðaverð 3.950 krónur.

VÍGFÓR SJAFNAR

Salurinn
20:00 Vígfór Sjafnar Zophoníasson lýkur námi til meistaragráðu í tenórsöng við University of Missouri í Kansas City nú í vor. Hér flytur hann verk eftir Brahms, Grieg og Siebelius, íslensk sönglög og óperuariur. Aðgangseyrir 2.500 krónur.



BYNNKUSTEMNING

Danska kráin
22:00 Trúbadorinn Raggi nær helgina.



KJARTAN TRÚBADOR

English Pub
22:00 Kjartan trúbador spilar fyrir gesti fram yfir miðnætti.

OPNAÐU ÞRIÐJA AUGAÐ



CHEAP MONDAY CLAIRVOYANT



CHEAP MONDAY
CLAIRVOYANT
GLERAUGU



Gleraunaverslun Kringlunni

Sími 568 9111

www.augad.is

iTwist™

by KFC

Ný bragðupplifun

SUNNY 399 kr.

Korn-tortilla, salsasósa, iceberg, ostur & kjúklingalund

yummy 399 kr.

Hveiti-tortilla, sinnepssósa, tómatar, ostur & kjúklingalund

SUNNY & yummy

Máltíð með frönskum og gosi

949 kr.



www.kfc.is

BETRA BRAGÐ Í **30** ÁR

HAFNARFIRÐI - KÓPAVOGI - REYKJAVÍK - SELFOSSI - REYKJANESBÆ - MOSFELLSBÆ - FOSSVOGI

0
GRÖMM
TRANS-
FITA

RingNet – ekki borga fyrir dauðan tíma.

DagNet

1 dagur
Innif. gagnam. 0,25 GB
Verð 490 kr.

VikuNet

7 dagar
Innif. gagnam. 1 GB
Verð 990 kr.

MánaðarNet

31 dagur
Innif. gagnam. 4 GB
Verð 1.990 kr.



Ring kynnir nýja netlyklabjónustu, RingNet, þar sem ekki er borgað fyrir ónýttan nettíma. Með RingNeti greiðir þú fyrirfram fyrir þjónustuna eftir því hvernig þú notar hana hvort sem það er dagur, vika eða mánuður sem hentar. Þannig að RingNet er algjörlega málið ef þú ert skuldbindingafælin/n. RingNet nýtir 3G dreifikerfi Símans sem er stærsta 3G kerfið á Íslandi.

Stærsti
vínahópur
á Íslandi

